

6. mars 2015

Áunnar tjáskiptatruflanir af taugafræðilegum orsökum

Evrópudagur
talþjálfunar
2015



Þegar málið er skert er talþjálfun málið

Hægt er að skipta áunnum tjáskiptatruflunum af taugafræðilegum orsökum í fjóra flokka:

1. Þvoglumæli – tal verður óskýrt, raddgæði versna, erfiðara er að skilja tal.
2. Málstol – erfiðleikar með málúrvinnslu s.s. að finna orð, skilja málfræði, mynda setningar, að fylgja eftir samræðum, lesa og skrifa.
3. Vitræn tjáskiptatruflun eftir heilaskaða – m.a. skert geta til að að halda þræði í samræðum og skiptast á, lesa í tvíræðni, blæbrigði, tónfall og umhverfi.
4. Munnlegt og mállegt verkstol – erfiðleikar með viljastýrðar hreyfingar talfæra og/eða að tengja rétta stöðu talfæra við máhljóðin sem bera skal fram.

Mögulegar ástæður þessara tjáskiptatruflana eru t.d. heilablóðfall, MS, Parkinsonsveiki, heilaáverki, súrefnisskortur í heila eða heilaæxli.

Talþjálfun hefur það að markmiði að bæta færni, fræða og veita ráðgjöf um hvernig takast megi á við erfiðleika í tali og máli. Rannsóknir sýna að hægt er að auka lífsgæði og færni með markvissri talþjálfun.



www.cplol.eu



www.talmein.is

Áhugaverðar vefsíður:

www.psi.is

www.heilaheill.is

www.hugarfar.is

www.mnd.is

www.msfelag.is